

„Par lágu spor hjá löngu föllnum garði,
sem liðin kynslóð gekk á undan þér.“

María Bjarnadóttir Æskuminning 1896-1976



Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2019



Mars 2020

Guðrún Jónsdóttir

Jóhanna Skúladóttir

Sævar Ingi Jónsson

Ljósmyndir: Guðrún Jónsdóttir

Efnisyfirlit

1. Starfsemi safnanna.....	3
1.1 Almennt.....	3
1.2 Helstu verkefni 2019.....	3
1.3 Gestafjöldi	10
1.4 Fjárhagur	11
1.5 Viðhald og endurnýjun húsnæðis og tækja	12
1.6 Starfsmannamál.....	12
1.7 Stjórnsýslufyrirkomulag	13
1.8 Kynningarmál.....	13
1.9 Vörslumál	13
1.10 Rannsóknir og skrif	14
1.11 Öryggismál.....	14
1.12 Þakkir.....	14
2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	15
2.1 Lánþegafjöldi, útlánatölur og safnkostur	15
2.2 Helstu verkefni.....	15
2.3 Gjafir til handa Héraðsbókasafni á árinu 2019	16
3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar.....	18
3.1 Almennt.....	18
3.2 Skjalavarsla og þjónusta.....	18
3.3 Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir	19
3.4 Sýningar og miðlun	19
3.5 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2019	20
4. Munasafn.....	24
4.1 Byggðasafn Borgarfjarðar	24
4.2 Listasafn Borgarness	26
4.3 Náttúrugripasafn Borgarfjarðar.....	28

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2019

I. Starfsemi safnanna

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður

I.1 Almenn

Í Safnahúsi eru fimm söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Innan Héraðsbókasafnsins er Pálssafn, einkabókasafn Páls Jónssonar.

Í starfsemi hússins er menningarstefna Borgarbyggðar höfð að leiðarljósi og áhersla lögð á lifandi starfsemi, fræðslu og miðlun.

Meðal viðburða ársins var opnun fimm myndlistarsýninga auk fyrirlestra og myndamorgna og annarra uppákoma. Safnahús hefur sótt í sig veðrið sem menningarhús og heldur þeirri stefnu áfram enda samræmist hún stefnu sveitarfélagsins í menningarmálum.

I.2 Helstu verkefni 2019

1.2.1 Sýningar

Á árinu voru haldnar fimm myndlistarsýningar í Hallsteinssal og ein minjasýning í Pálssafni. Reyndar stóð minjasýning um Hvítárbrúna einnig uppi í byrjun árs og fram í mars svo í raun var um tvær minjasýningar að ræða á árinu. Listamenn sem sýndu verk sín á einkasýningum voru Josefina Morell og Snjólaug Guðmundsdóttir. Samsýningu áttu þær Ingibjörg H. Halldórsdóttir, Ósk Gunnlaugsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Harpa Einarsdóttir. Sýningin í Pálssafni var sett upp af því tilefni að á árinu voru liðin 110 ár frá fæðingu Páls Jónssonar bókasafnara, sjá nánar hér síðar.

1.2.2 Að vera skáld og skapa

Í byrjun janúar var lokið við undirbúning vegna árlegs samstarfs við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Að þessu sinni var efniviður verkefnisins sóttur í smíðju til Böðvars Guðmundssonar sem átt hafði áttæðisafmæli fyrr á árinu. Fengu nemendur skólans ljóðahefti í hendur á fyrstu dögum ársins og sömdu lög við ljóðin á vorönn undir handleiðslu kennara sinna. Uppskeruhátíðin var svo í formi fjölsótttra tónleika í Safnahúsi á sumardaginn fyrsta (25. apríl) þar sem nemendur fluttu eigin verk.

Tónlistarskólinn og Safnahús hafa á undanförunum árum unnið saman að þessu verkefni í því augnamiði að hvetja ungt fólk til að semja tónlist við borgfirsk ljóð og var þetta í sjöunda sinn. Verkefnið byggir á ákvæði í menningarstefnu Borgarbyggðar um frumkvæði, sköpun og menningararf og hefur fengið afar jákvæð viðbrögð, bæði hjá nemendum skólans og fjölskyldum þeirra, svo og sveitarstjórn og íbúum í héraðinu. Dagskráin tók um klukkutíma. Hún var öllum opin og boðið var upp á sumarkaffi að henni lokinni.

Hér má sjá yfirlit yfir skáld verkefnisins frá upphafi:

2012 *Guðrún Jóhannsdóttir (1892-1970).*

2014 *Guðmundur Böðvarsson (1904-1974).*

2015 Fjórar skáldkonur frá Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum: *Guðrún Halldórsdóttir (1848-1930), Sigríður Helgadóttir (1884-1977), Valdís Halldórsdóttir (1908-2002), Guðrún Halldórsdóttir (1912-2006).*

2016 *Snorri Hjartarson (1906-1986).*

2017 *Halldóra B. Björnsson (1907-1968).*

2018 *Aðalsteinn Halldórsson, Ásgeir Bjarnþórsson, Björg Bjarnadóttir, Björk (Guðrún Margrét Guðmundsdóttir), Elín Eiríksdóttir, Elín Vigfúsdóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum, Halldór Helgason, Ívar Björnsson frá Steðja, Jóhann J. E. Kúld, Jón Magnússon, Jónas Guðlaugsson, Júlíana Jónsdóttir, Kristján Árnason, Kristján Jónasson, Lóa Þorkelsdóttir, Málfríður Einars frá Munaðarnesi, Sigríður Beinteinsdóttir, Sigríður Einars frá Munaðarnesi, Sigurður Júlíus Jóhannesson, Sveinbjörn Beinteinsson og Þorgeir Sveinbjarnarson.*

2019 *Böðvar Guðmundsson.*

Þess má geta að árið 2020 verða ljóð Þorsteins frá Hamri lögð til grundvallar verkefninu.

1.2.3 Arfur Þorsteins

Upphaf verkefnisins Arfur Þorsteins má rekja til umræðu áhugasamra aðila um lífsverk Þorsteins frá Hamri og erindis sem Ástráður Eysteinnsson prófessor sendi til byggðarráðs (lagt fram 18. október 2018) með svohljóðandi bókun:

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá Ástráði Eysteinsyni prófessor, þar sem hann óskar eftir fundi vegna vinnu óformlegs starfshóps sem vinnur að því að sýna arfleifð Þorsteins frá Hamri verðugan sóma. Byggðarráð fagnaði framkomnum hugmyndum og fól sveitarstjóra að annast samskipti við hópinn fyrir hönd Borgarbyggðar.

Erindi þetta var sent að undangenginni umræðu nefnds starfshóps og samtölum hans við Guðrúnu Jónsdóttur forstöðumann Safnahúss sem menningarstofnunar á vegum sveitarfélagsins. Var málið í vinnslu áfram og á fundi ráðsins 22. nóv. var eftirfarandi bókað:

... Til fundarins mættu Ástráður Eysteinnsson prófessor við HÍ, Laufey Sigurðardóttir, tónlistarmaður (ekkjja Þorsteins), Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, Hólmfríður Úa Matthíasdóttir, útgáfustjóri Forlagsins og Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss. Á fundinum voru ræddar hugmyndir um hvernig minningu Þorsteins frá Hamri verði haldið haldið á lofti með verðugum hætti hér í sveitarfélaginu og leiðir að því marki. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu í samstarfi við forstöðumann Safnahúss Borgarfjarðar.

Á 476. fundi byggðarráðs 17. janúar 2019 var lögð fram viljayfirlýsing um samstarf milli Borgarbyggðar og Forlagsins, Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Laufeyjar Sigurðardóttur, ekkju Þorsteins frá Hamri vegna arfleifðar Þorsteins frá Hamri. Byggðarráð fagnaði þessu samstarfi og fól sveitarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna.

Félagið starfaði áfram á svipuðum nótum og 7. mars 2019 voru í byggðaráði lögð fram drög að samstarfssamningi um árlegan viðburð í minningu skáldsins. Byggðarráð fól sveitarstjóra að skilgreina betur þann kostnað sem á sveitarfélagið félli skv. þeim drögum. Á næstu vikum var verkefnið rætt áfram í undirbúningshópnum og við hann bættist Hrafn Jökulsson fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands. Varð niðurstaða umræðunnar sú að heppilegast væri að stofnað yrði félag til að vinna að markmiðum verkefnisins. Ekki var gengið út frá öðrum tilkostnaði Borgarbyggðar á því stigi en stjórnarsetu forstöðumanns Safnahúss.

Þriðjudaginn 1. okt. 2019 var stofnfundur félagsins haldinn í lðnó í Reykjavík undir heitinu Arfur Þorsteins frá Hamri. Var hann fjölsóttur og stofnfélagar urðu um 150 talsins. Í stjórn félagsins voru sex manns kjörin:

Guðrún Nordal (formaður)
 Ástráður Eysteinnsson (gjaldkeri)
 Hólmfríður Úa Matthíasdóttir (ritari)
 Laufey Sigurðardóttir meðstjórnandi
 Hrafn Jökulsson meðstjórnandi
 Guðrún Jónsdóttir meðstjórnandi

Eins og fram hefur komið er eitt helsta verkefni félagsins að standa fyrir viðburðum, einkum á ævislóðum Þorsteins, í Borgarfirði og á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2019 voru tveir slíkir viðburðir haldnir, annars vegar stofnfundurinn í lðnó og hins vegar Þorsteinsvaka sem haldin var fimmtudaginn 14. nóvember 2019 á sögulofti Landnámssetursins í Borgarnesi í samvinnu við staðarhaldara þar, þau Kjartan Ragnarsson og Sigríði Margræti Guðmundsdóttur. Var þar húsfullir. Eftirtalin komu fram: Guðrún Nordal, Ástráður Eysteinnsson, Þórarinn Jónsson, Vigdís Grímsdóttir, Valdimar Tómasson, Sigurbjörg Þrastardóttir, Theodór Kr. Þórðarson og Sigríður Margræt Guðmundsdóttir. Voru lesin upp ljóð eftir skáldið með frásögnum í bland.

Starf stjórnar: Haldnir voru fjórir fundir í undirbúningshóp og síðar stjórn á árinu 2019. Utan þessa var tölvupóstur notaður til frekari mótunar verkþátta.

Greinargerð var send til sveitarstjórnar og sveitarstjóra til upplýsingar um árangur og stöðu verkefnisins í árslok 2019. Fyrirhugað er að horfa til dagsetninganna 9. eða 10. maí 2020 með menningardagskrá á vegum félagsins í Borgarnesi og verður það megin verkefni þess árs.

1.2.4 Fólkið - ævi og störf

Örsýningar við stigauppgöngu - Frá árinu 2017 hefur rými við stigauppgöngu Safnahúss verið nýtt fyrir veggspjöld með fróðleik um fólk og hefur það mælst vel fyrir. Miðvikudaginn 20. mars 2019 var opnuð þar sýning helguð grasrótarstarfi Grímshússfélagsins sem stóð á árunum 2007-2011 fyrir því að láta smíða líkón af skipunum fimm sem voru gerð út frá Borgarnesi árin 1934-1966. Einnig beitti félagið sér því að bjarga Grímshúsi í Brákarey til samfélagslegra nota, ekki síst til varðveislu útgerðarsögunnar. Var húsið gert upp á vegum félagsins fyrir tilstilli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, bæði heima og heiman, auk opinberra styrkja.

Árið 2018 ákvað sveitarstjórn Borgarbyggðar að leigja Grímshúsið til 25 ára til „The Reformed Spirits Company“ sem framleiðir Martin Miller's Gin. Byggðarráð tók

formlega við lyklum að húsinu október 2018 og færði félagsmönnum Grímshússfélagsins þakkir fyrir ómetanlegt framlag við björgun og varðveislu byggingarinnar. Framkvæmdir fyrirtækisins á staðnum voru ekki komnar á veg í árslok.

Sýningin um Grímshúsfélagið var hönnuð af Heiði Hörn Hjartardóttur og textagerð var í höndum Guðrúnar Jónsdóttur.

Hér má sjá lista yfir sýningar á veggnum frá þeirri fyrstu sem sett var upp árið 2016:

2016 Jakob Jónsson á Varmalæk
 2017 Dr. Selma Jónsdóttir listfræðingur
 2018 Magnús Jónasson bílstjóri
 2019 Starfsemi Grímshússfélagsins

Bókamerki - Í árslok 2019 var gefið út sérprentað bókamerki helgað minningu Jóns Helgasonar ljóðskálds, forstöðumanns Árnasafns í Kaupmannahöfn og prófessors í norrænum fræðum við Hafnarháskóla. Bókamerki Safnahúss er árlegt og kemur út í árslok hverju sinni í tilefni aðventu. Er þetta eins konar sýningarform og hefur hlotið afar góðar viðtökur. Bókamerkið er prentað hjá Fjölritunar- og útgáfubjónustunni í Borgarnesi en uppsetning þess hefur verið í höndum Guðrúnar Jónsdóttur. Merkið var fyrst gefið út í þessum tilgangi árið 2017. Þessara hafa verið minnst með þessum hætti:

2017

Jón Guðmundsson frá Hólmakoti (1901-1957)
 Bjarni Valtýr Guðjónsson Borgarnesi (1929-2015)

2018

Júlíana Jónsdóttir skáldkona frá Rauðsgili (1838-1917)

2019

Jón Helgason skáld og fræðimaður frá Rauðsgili (1899-1986)

Upplestur og Aðventa – Fimmtudaginn 5. desember 2019 var opin aðventudagskrá í Safnahúsi kl. 17.00, þar sem fólki var boðið að koma við og hlýða á bóklestur. Lásu þau Una Margrét Jónsdóttir og Þorbergur Þórsson upp úr bókum sínum. Kl. 18.00 hófst svo árlegur upplestur Aðventu Gunnars Gunnarssonar með aðstoð sjálfboðaliða. Lesin var þýðing Magnúsar Ásgeirssonar frá Reykjum í Lundarreykjadal og Ingibjörg Jónasdóttir spann á rokk meðan á lestrinum stóð og var það gert í minningu Benoníu Jónsdóttur (1872-1946) sem var fædd á Gilsbakka í Hvítársíðu og bjó síðar á Vestri- Leirárgörðum. Hún var dóttir hjónanna Jóns Jónssonar og Sigurbjargar Steingrímsdóttur sem síðar bjuggu í Suddu í Reykholtssdal og fluttu til Ameríku vorið 1898. Þau hjón eru fyrirmyndir af aðal sögupersónum Böðvars Guðmundssonar í bókunum Híbýlum vindanna og Lífsins tré, sem notið hafa mikilla vinsælda.

1.2.5 Íslenski safnadagurinn

Íslenski safnadagurinn var laugardaginn 18. maí. Tók Safnahús þátt í þessu landsátaki safna með nýrri sýningu úr safnkosti Listasafns Borgarness. Sýningin hlaut nafnið HVAR-HVER-HVERJAR og sýningarstjóri var Helena Guttormsdóttir myndlistarmaður. Einnig var tekið þátt í sameiginlegum auglýsingum vegna dagsins og leiðsögn veitt á sýningum.

1.2.6 Sumarlestur barna

Í tólfta sinn efndi Héraðsbókasafnið til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og er nánar gerð grein fyrir því í skýrslu Héraðsbókavarðar sem annaðist verkefnið. Sandri Shabansson sumarstarfsmaður á bókasafni var honum til aðstoðar.

1.2.7 Rannsóknir og skrif

Talsvert var sett inn af fróðleik á heimasíðu hússins (www.safnahus.is) á árinu. Einnig var mikil heimildavinna unnin vegna fyrirlestra hússins um borgfirsku vesturfara í september og margt fleira mætti nefna. Rannsóknir skilja alltaf eftir sig talsvert efni sem er miðlað eftir ýmsum leiðum.

1.2.8 Samstarf

Samstarf var áfram við Tónlistarskóla Borgarfjarðar um verkefnið Að vera skáld og skapa og lestrarátakið sumarlestur var unnið í samvinnu við tilheyrandi fræðslustofnanir í héraði. Samstarf var við ýmsa aðila við stofnun félagsins Arfs Þorsteins og er grein nánar frá því hér annars staðar í skýrslunni.

Forstöðumaður situr í Minjaráði Vesturlands þar sem Minjastofnun kallar til sín fólk af Vesturlandi á þennan samráðsvettvang um menningarminjar á svæðinu. Safnahús tók þátt í alþjóðlega safnadeginum og fleiri viðburðum á vegum safna á landsvísi. Ennfremur var samstarf milli safna í landinu um almenna kynningu í auglýsingum hjá RÚV og margt fleira mætti nefna.

1.2.9 Skráningar

Fjöldi gripa úr safnkosti byggðasafns var skráður í Sarp á árinu, mest fyrir tilstuðlan Safnaráðs. Allir nýir safngripir eru auk þess skráðir í Sarp.

1.2.10 Fyrirlestrar

Árið 2017 var fyrst farið að halda fagfyrirlestra í Safnahúsi og hefur því verið vel tekið. Fyrirlestrarir tengjast starfssviði safnanna og taka um klukkutíma. Að því loknu eru óformlegar umræður og kaffiveitingar.

Fyrirlestrar og efni ársins 2019:

10. janúar	Marín Guðrún Hrafnadóttir: Guðrún frá Lundi
14. febrúar	Þóra Elfa Björnsson: Svarfhólsfólkið
14. mars	Ástráður Eysteinnsson: Þorsteinn frá Hamri
08. ágúst	Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir: Nútímalist
12. september	Sigurjón Einarsson: Fuglalíf

1.2.11 Gömul hús

Gunnlaugsgata 21 og 21 b

Gamalt hús nálægt Grunnskólanum í Borgarnesi var rífið á árinu og ári áður hlaut önnur bygging á því svæði sömu örlög. Það fyrrnefnda var Veggir eða Gunnlaugsgata 21 b sem byggt hafði verið 1936 og stóð á klettabrún við hlið Grunnskólans. Var það rífið í ágúst 2019. Hitt húsið var Dýralæknishúsið¹ eða Gunnlaugsgata 21 sem var frá árinu 1929 og var rífið sumarið áður. Byggðasafn Borgarfjarðar hafði með ýmsum hætti lagt áherslu á að húsin fengju að standa vegna gildis þeirra sem sérkenna í bæjarlandslagi. En því miður náðist ekki að tryggja þeim áfram sinn stað.

¹ Einnig kallað klæðskerahúsið.

Hlíðartúnshús - Að venju sótti Safnahús um styrk til Minjastofnunar vegna endurgerðar Hlíðartúnshúsanna sem eru minjar um búskap innan bæjarmarka Borgarness og eru í eigu Borgarbyggðar. Fékkst styrkur upp á kr. 800.000 og var hann nýttur til að flytja grind af hlöðu á réttan stað, klæða þak með bárujárni og gafla með timbri. Hurð og hleri fyrir glugga var smíðað. Í árslok átti eftir að leggja síðustu hönd á verkið með smíði ytri raðar klæðingar á framhlið og fúaverja.

Safnahús hefur sótt um styrki til viðgerðar á húsunum allt frá árinu 2009 í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið Borgarbyggðar sem annast skipulag framkvæmda hverju sinni. Tengiliður og umsjónarmaður framkvæmda frá upphafi hefur verið Kristján Finnur Kristjánsson umsjónarmaður fasteigna hjá Borgarbyggð. Hér má sjá yfirlit yfir þá styrki sem fengist hafa:

ár	kr.
2009	400.000
2010	350.000
2011	300.000
2012	300.000
2013	300.000
2016	500.000
2017	500.000
2018	500.000
<u>2019</u>	<u>800.000</u>
Samtals	kr. 3.950.000

1.2.12 Myndamorgnar

Á myndamorgnum eru gestir beðnir um að greina ljósmyndir. Voru sex slíkir haldnir á árinu. Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður annaðist undirbúning og framkvæmd og má sjá nánar um verkefnið í greinargerð hennar um skjalasafnið. Miklar og góðar umræður sköpuðust á þessum morgnum.

1.2.13 Þekking og faglegt samstarf

Forstöðumaður og verkefnisstjóri tóku að haustinu þátt í Farskóla safnmanna á Patreksfirði og sóttu þar málstofur auk þess sem forstöðumaður hélt erindi um starfsemi Safnahúss sem safnaklasa. Forstöðumaður sótti vorfund munasafna, héraðsskjalavörður vorfund opinberra skjalasafna og héraðsbókavörður fór á vorfund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna. Forstöðumaður sótti vorfundi Listasafns Íslands, Náttúrugripasafns Íslands og Þjóðminjasafns. Ennfremur sótti verkefnisstjóri ráðstefnu um List í almannarými og námskeið um uppsetningu gripa á sýningum í nóvember auk þess að vera við vígslu varðveislu- og rannsóknarseturs Þjóðminjasafns Íslands í desember. Héraðsskjalaverðir hittust í Borgarnesi í október og var sá fundur skipulagður af Jóhönnu Skúladóttur. Eru slíkir fagfundir afar mikilvægt innlegg í starfseminni; í að fylgjast með þróun safnastarfs, bæði á landsvísi og í alþjóðlegu samhengi.

1.2.14 Annað

Til viðbótar ofangreindu var ýmislegt á dagskrá safnanna. Hér skulu nefnd nokkur dæmi:

Erindi og skrif – Forstöðumaður flutti erindi um borgfirska vesturfara á námskeiði hjá Litlu menntabúðinni í Reykholti í september og fyrirlestur um safnaklasa á Farskóla safnmanna í byrjun október.

Örsýningar – á árinu voru settar upp örsýningar, s.s. á rokki úr eigu Benóníu Jónsdóttur og jólatré og dúkum frá heimili Guðmundar Böðvarssonar og Ingibjargar Sigurðardóttur á Kirkjubóli.

Skjalaskápur keyptur – Nýr skjalaskápur var keyptur fyrir skjalasafnið í marsmánuði og honum komið fyrir í varðveislurými í Safnahúsi.

Upplýsingagjöf til sveitarstjórnar

Haldnir voru 19 starfsmannafundir á árinu. Var fundargerð send ávallt sveitarstjórn og sveitarstjóra strax að fundi loknum. Með þeim hætti geta sveitarstjórnarmenn fylgst með starfseminni og fylgni hennar við stefnu sveitarfélagsins. Hefur þetta fyrirkomulag nú verið í gildi í um tólf ár og hafa sveitarstjórnarmenn lýst yfir ánægju sinni með það. Einnig flutti forstöðumaður kynningu um starfsemi Safnahúss fyrir nýstofnaða Atvinnu- markaðs- og menningarmálanefnd í ágúst og eru fundargerðir lagðar þar fram eftir að hún tók til starfa, enda gegnir nefnd menningarmála hverju sinni hlutverki stjórnar hússins.

Umhverfismál – Mikil áhersla er lögð á umhverfispáttinn í rekstri Safnahúss. Starfsfólk leggur sitt af mörkum í að draga úr notkun plastpoka, margnota innkaupapokar eru notaðir og sorp flokkað auk þess sem reynt er að kaupa að sem mestu leyti umhverfisvænar ræstivörur. Starfsmenn koma eftir bestu föngum gangandi/hjólandi til vinnu eða taka strætisvagn.

Skólaheimsóknir – Allmargir skólahópar sóttu Safnahús heim á árinu í safnfræðslu. Flestir voru frá skólastofnunum í héraðinu, en einnig af höfuðborgarsvæðinu svo og erlendis frá. Annaðist forstöðumaður móttöku flestra hópanna. Bekkjum er gjarnan skipt á milli grunnsýninga og bókasafns þar sem héraðsbókavörður fræðir um bækur og bóklestur. Einnig var nokkuð um að hópar kæmu eingöngu á bókasafnið og samstarf þess við leikskóla var afar gott. Nánar má sjá um þetta í umfjöllun um bókasafnið síðar í skýrslunni.

Pálssafn – Á árinu 2019 var þess minnst með sýningu að 110 ár voru liðin frá fæðingu Páls Jónssonar bókasafnara (1909-1885). Sýningunni var komið fyrir í bókhöllu Páls þar sem sýndar voru fágætar bækur úr safni hans auk bóka sem hann batt inn. Stutt dagskrá var kl. 13 á opnunardaginn laugardaginn 2. nóvember þar sem Sverrir Kristinsson sagði frá Páli og bókasöfnun hans. Sverrir var sýningarstjóri verkefnisins og Guðlaug D. Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hannaði veggspjöld sem sett voru við innganginn í safnið auk þess að sjá um uppsetningu á bókum. Sýningin var tímabundin og var tekin niður síðar í nóvember. Í stjórn Pálsafns eru Sverrir Kristinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Guðrún Jónsdóttir.

Ný stjórn – Ný nefnd atvinnu – markaðs- og menningarmála tók til starfa í ágústmánuði eins og áður var sagt frá og áttu þar eftirtalin sæti: Sigurður Guðmundson (formaður), Guðveig Eyglóardóttir, Ómar Örn Ragnarsson, Eiríkur Theodórsson og Magnús Smári Snorrason.

1.3 Gestafjöldi

1.3.1 Sýningar

Sýningar - gestir á sýningar voru 3.286 talsins og er það um 12 % fækkun milli ára eða um 451 manns. Milli áranna 2017 og 2018 fjölgaði hins vegar um 4,15 % eða 150 manns. Eru þetta vart marktækar sveiflur og skýrast að einhverju leyti af veðri, en sumarið 2019 var mjög gott í Borgarfirði. Sveiflur milli ára mótast fyrst og fremst af sýningarverkefnum hverju sinni svo og fjölda skólahópa sem er mjög mismunandi milli ára. Ef litið er til lengri tíma má sjá að gestafjöldi 2014 og 2018 er svipaður.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Börn	2.313	2.676	2.773	2347	2203	1747
Hallst	940	1.317	1.238	1241	1534	1539
Samt.	3.253	3.993	4.011	3.588	3.737	3.286

Íslendingar sem komu á sýningarnar voru 56,57 % (55,44% árið 2018) og 43,43 voru erlendir ferðamenn (44,56% árið 2018).

1.3.2. Bókasafn

Bókasafn - heimsóknnum á bókasafn fækkaði um 442 frá árinu 2018 en hafði hins vegar fjölgað um svipaða tölu milli áranna 2018 og 2019. Heimsóknir á bókasafn voru 6.007 og var það fækkun um 402 gesti frá fyrra ári milli áranna 2018 og 2019. Mótast þetta mikið til af veðri. Nokkur fækkun varð þar af leiðandi á útlánum milli ára eins og sjá má hér:

	2018	2019	mism
Bækur	11.118	10.278	840
Hljóðbækur	295	277	18
DVD/VHS	157	140	17
Tímaritshefti	970	818	152
	12.540	11.513	1.027

Gestafjöldi á bókasafni árin 2011 til 2019.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
jan	630	606	617	600	579	470	503	553	614
feb	580	691	572	510	602	546	472	582	515
mars	730	570	530	620	574	528	658	545	594
apríl	578	506	510	460	511	460	388	455	544
maí	801	640	520	619	479	505	430	478	536
júní	675	590	540	426	555	465	460	565	429
júlí	688	710	578	555	540	523	458	540	493
ág	760	520	575	580	521	560	560	604	450
sept.	640	520	530	602	560	515	505	460	463
okt.	603	550	564	604	588	565	583	636	473
nóv.	860	850	580	570	607	525	528	518	471
des.	580	575	520	589	550	494	502	513	425
Samt	8.125	7.328	6.636	6.735	6.666	6.156	6.047	6.449	6.007

1.3.3. Skjalasafn

Skjalasafn - Komur á skjalasafn voru 212 auk fjölda fyrirspurna net- og símleiðis. Var það aukning um 22 miðað við fyrra ár. Hér má sjá þróunina í heimsóknum síðustu þrjú ár.

	Fjöldi
2017	152
2018	190
2019	212

1.3.4. Öll söfnin 2019

Gestir Safnahúss voru 9.398 talsins árið 2019 og var það svipað og var árið 2017. Árið 2018 voru gestir hins vegar 10.463. Milli áranna 2018 og 2019 er fækkun um 1.065 komur. Skýrist það einkum af tvennu, annars vegar fækkaði gestum á bókasafn vegna góðrar veðráttu sumarsins, en þeim hafði fjölgað árið áður vegna rigningarsumars. Hins vegar á fækkunin sér skýringu í færri skólahópum en sveiflukennt er milli ára hversu margir nemendur koma í safnfræðslu og skýrist að einhverju leyti einnig af veðri. Gestum á skjalasafn fjölgaði um 22 og hefur fjölgað um 60 frá árinu 2017. Ekki er inni í þessum tölum fjöldi fyrirspurna sem berst árlega til skjalasafns gegnum tölvupóst eða í símtölum.

Öll söfnin skipt á mánuði									
	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
jan	714	679	757	721	644	719	742	818	709
feb	835	823	797	740	800	699	621	711	625
mars	854	650	631	740	714	770	1016	780	916
apríl	654	603	1620	802	1005	835	689	677	1038
maí	1121	948	1291	1071	1138	1066	962	1185	771
júní	983	1013	1108	800	1097	1150	994	1140	876
júlí	1074	1068	947	1073	1224	1000	988	1054	858
ág	983	770	978	1070	1199	1195	1013	1105	718
sept.	801	813	794	752	877	840	702	715	843
okt.	722	736	729	896	723	778	785	834	887
nóv.	1040	1127	763	776	744	651	689	818	655
des.	649	886	629	721	640	629	588	626	502
Samt	10.430	10.116	11.044	10.162	10.805	10.332	9.789	10.463	9.398

1.4 Fjárhagur

1.4.1 Fjárhagsáætlun og útkoma ársins

Í fjárhagsáætlun ársins 2019 var ráðstöfunarfé 45.026.756 kr. að frádreginni innri leigu sem var áætluð kr. 18.370.752. Alls gerði áætlun ráð fyrir kr. 63.397.508 til rekstrar. Þar af voru laun 37.554.630 kr. og almennur rekstur því 7.472.126 kr., þar af aukaframlag til kaupa á skjalaskáp 1.400.000 kr. og rauntala almenns rekstrar var því 6.072.126 kr.

Sambærilegar tölur í fjárhagsáætlun ársins 2018 voru þessar: ráðstöfunarfé var kr. 38.734.609 að frádreginni innri leigu sem var áætluð kr. 18.051.060. Alls gerði áætlun ráð fyrir kr. 56.785.669 til rekstrar. Þar af voru laun kr. 31.906.677 og almennur rekstur því 6.827.932, þar af var aukaframlag til kaupa á skjalaskápi kr. 1.150.000 og rauntala var því 5.677.932 kr. Fjárhagsáætlun hússins fyrir árið 2019 stóðst í árslok.

1.4.2 Styrkir og þjónustusamningar

Safnahús fékk góða styrki á árinu og voru helstu styrktaraðilar þessir:

Safnaráð Íslands kr. 1.700.000

Uppbyggingarsjóður Vesturlands 500.000

Þjóðskjalasafn v/héraðsskjalasafns kr. 1.255.000

Þjóðskjalasafn vegna sérverkefnis kr. 400.000

Einnig má nefna að sýning um Hvítárbrúna sem styrkt var af Vegagerðinni og Kaupfélagi Borgfirðinga á árinu 2018 og stóð fram í byrjun mars 2019. Tvö fyrirtæki sýndu Safnahúsi sérstaka velvild í verki á árinu í formi afsláttar á þjónustu, þ.e. Glitnir ehf og Garðapjónustan Sigur-garðar (Sindri Arnfjörð).

Samtals námu styrkir í peningum kr. 3.855.000 á árinu 2019, en voru kr. 4.200.000 árið áður. Styrkir sem starfsemin nýtur bera vott um traust og velvild til hússins, sem er ómetanlegt.

Tekjur frá nágrannasveitarfélögum, þ.e. Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit vegna þjónustusamninga² námu samtals kr. 1.750.811 og var það eilítil hækkun frá fyrra ári (1.704.322). Eru framlögin m.a. miðuð við íbúatölu.

1.5 Viðhald og endurnýjun húsnæðis og tækja

Á árinu var settur nýr pappi á þak aðalinngangs. Var þetta afar mikilvægt skref í góðu viðhaldi hússins. Einnig var ýmislegt smálegt gert s.s. að skipta út krana á ofni í aðalinngangi, gera við brostið rör í jarðvegi undir stétt nálægt aðalinngangi og loka fyrir vatnsrör í lítilli geymslu á neðri hæð. Í október tók forstöðumaður saman lista yfir helstu viðhaldspörf og sendi til umsjónarmanns fasteigna, er það gert árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Vísað er í hana með nánari upplýsingar um viðhaldsmál.

1.6 Starfsmannamál

Í Safnahúsi voru í ársbyrjun þrír fastráðnir starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum: Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður, Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður og Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður. Halldór Óli Gunnarsson vann sem verkefnisstjóri í janúarmánuði en hætti þá störfum. Hann vann að ýmsum verkefnum samkvæmt verkefnislýsingu fyrir tilstyrk Uppbyggingarsjóðs og Safnaráðs. Í mars var auglýst eftir nýjum starfsmanni í fullt starf og lauk umsóknarfresti 4. apríl. Fimm verðugar umsóknir bárust og voru allir teknir í viðtöl. Að lokum varð niðurstaðan að ráða Guðlaugu Dröfn Gunnarsdóttur í starfið. Hún vinnur að ýmsum verkefnum er lúta að safnkostinum og meðferð hans, en einnig ýmis önnur störf skv. starfslýsingu. Guðlaug hóf störf um miðjan júní.

Helga Jóhannsdóttir annaðist ræstingar og sumarstarfsmenn voru Anna Þórhildur Gunnarsdóttir og Sandri Shabansson. Hannes Heiðarsson vann að almennum viðhaldsverkefnum og Ásmundur Guðmundsson vann í hlutastarfi yfir veturinn á bókasafni og skjalasafni.

² Skorradalshreppur um byggðasafn, náttúrugripasafn, skjalasafn og bókasafn og Hvalfjarðarsveit um skjalasafn.

Starfsmenn í Safnahúsi voru þessir á árinu:

1. Anna Þ. Gunnarsdóttir (sýningarvarsla og sérverkefni)
2. Ásmundur Guðmundsson (ýmis verkefni)
3. Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir (verkefnisstjórn)
4. Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður
5. Halldór Óli Gunnarsson (sérverkefni fyrir skjala- og náttúrugripasafn)
6. Helga Jóhannsdóttir (ræstingar)
7. Jóhanna Skúladóttir (skjalasafn o.fl.)
8. Sandri Shabansson (bókasafn, flokkun/skráning og sýningavarsla)
9. Sævar Ingi Jónsson (bókasafn o.fl.)

1.7 Stjórnsýslufyrirkomulag

Eftir að Borgarfjarðarstofa var lögð niður árið 2013 heyrðu málefni Safnahúss undir byggðaráð. Safnahús fór að heyra undir eitt sveitarfélag í ársbyrjun 2007 (var áður byggðasamlag) og hafa málefni þess síðan þá fallið undir 4 nefndir: Menningarnefnd, Tólstunda- og menningarnefnd, Borgarfjarðarstofu og byggðaráð. Það er nefnd menningarmála hverju sinni sem hefur með Safnahús að gera. Á árinu var stofnuð ný nefnd: Atvinnu- markaðs- og menningarmálanefnd. Þar með var aftur komið svipað fyrirkomulag og var fyrir tíu árum.

1.8 Kynningarmál

Starfsemin fékk reglulega umfjöllun í héraðsmiðlum, s.s. Íbúanum og Skessuhorninu. Mikið var birt af fréttum á heimasíðum Safnahúss og Borgarbyggðar auk þess sem tölvupóstfangalistar voru notaðir til markaðssetningar. Facebook síða hússins var mikið notuð en þar eru um 1400 „vinir“ og bættust um 100 við á árinu. Safnahús á einnig Instagram síðu og þar var talsvert efni sett inn. Auglýst var í Skessuhorni og Íbúanum auk bókarinnar „Á ferð um Ísland“ og bæklinga Ferðapjónustu bænda. Einnig var auglýst í sameiginlegum auglýsingum safna, s.s. vegna Safnadagsins í maí og í samlesnum auglýsingum RÚV. Auglýst var í Safnabókinni sem bæði kemur út á íslensku og ensku. Ennfremur var veggspjöldum og bæklingum dreift til ferðapjónustuaðila á nærsvæði. Grunnsýninga hússins er getið í nokkrum alþjóðlegum ferðabæklingum og er það merkjanlegt í komum einstaklinga erlendis frá. Sérstök umfjöllun var um grunnsýningar Safnahúss í myndbandi sem sýnt er á öllum áætlunarleiðum Ícelandair. Í árslok fór markaðsfulltrúi Borgarbyggðar með kynningarefni frá Safnahúsi á Mannamót þar sem ferðapjónustuaðilar kynna starfsemi sína. Að lokum skal þess getið að umfjöllun um safngrip var sett á YouTube á árinu og var það Kvikmyndafjelag Borgarfjarðar sem vann það verk. Var það gert af mikilli alúð og var verðmæt kynning fyrir safnastarfið. Munurinn sem hér um ræddi var kistill smíðaður af Þórði Jónssyni frá Mófellsstöðum.

1.9 Vörslumál

Munir og gögn safnanna eru varðveitt á þremur stöðum, í geymsluhúsnæði við Sólbakka, á háalofti Safnahúss og í fyrrum sláturhúsi í Brákarey (grófari munir, ókynt húsnæði). Rýmið á Sólbakka styður vel við faglega hlið safnastarfsins. Húsnæðið í Brákarey er hins vegar ekki fullnægjandi en þó var þar komið fyrir innbrots- reyk- og lekavörnum í árslok 2015 og eru þeir tengdir við Securitas. Árið 2016 var fermetrafjöldinn sem Safnahús nýtir

í Brákarey minnkaður um u.þ.b. 40 fm. til að losa lagnarými þar sem óttast var um öryggi safngripa. Við sama tækifæri fór fram endurskipulagning og tilfærslur gripa.

1.10 Rannsóknir og skrif

Rannsóknir eru nauðsynlegur hluti starfseminnar. Mikið vannst á þeim vettvangi á öllum fagsviðum. Eitt dæmi um það er sýning úr safnkosti Listasafns Borgarness sem var megin sýningarverkefni hússins á árinu. Um vorið birtist grein í Borgfirðingabók um Guðrúnu Kristjánsdóttur, alþýðukonu sem fædd var í Borgarfirði árið 1876. Greinin var eftir barnabarn hennar Jóhönnu Stefánsdóttur sem varð góðfúslega við þeirri beiðni að taka saman efni um ömmu sína. Allnokkru efni var bætt við á heimasíðu Safnahúss á árinu, má sem dæmi nefna greinar um Benónýju Jónsdóttur frá Vestri- Leirárgörðum (1872-1946) og Þorstein Jósepson frá Signýjarstöðum (1907-1967). Í september flutti forstöðumaður Safnahúss erindi á námskeiði Litlu menntabúðarinnar í Reykholti. Var erindið um borgfirska vesturfara með tilheyrandi heimildavinnu. Í ársbyrjun var sett upp örsýning um starfsemi Grímshússfélagsins í Borgarnesi og var unnin mikil heimildavinna í því sambandi. Árlegt bókamerki Safnahúss var að þessu sinni helgað minningu Jóns Helgasonar skálds og prófessors í Kaupmannahöfn.

Rannsóknir við söfnin eru ekki skilgreindar sem stöðugildi en er sinnt í tengslum við verkefni eftir bestu föngum.

1.11 Öryggismál

Á Bjarnarbraut er leka- og brunavarnarbúnaður, tengdur viðvörðunarkerfi Securitas (Pálssafn, skjalasafn, sýningarsalir, geymsluloft og bókasafn). Hreyfiskynjarar eru við innganga og brunaútgangar eru merktir og tryggðir. Rýmingaráætlun er fyrir hendi og Slökkvilið Borgarbyggðar er með lykil að byggingunni. Á Sólbakka er einnig öryggiskerfi auk þess sem Slökkvilið hefur eftirlit með húsnæðinu. Ekki eru fyrir hendi slökkvitæki á Sólbakka eða í Brákarey. Er brýnt að bæta úr þeirri vöntun og er málið hjá umhverfis- og skipulagssviði Borgarbyggðar. Á árinu 2018 voru slökkvitæki á Bjarnarbraut yfirfarin og áfyllt. Vinnueftirlitið skoðaði húsið á Bjarnarbraut einnig á því ári og er hvað það varðar vísað í umsögn þeirra sem send var til umhverfis- og skipulagssviðs. Safnahús hefur starfsleyfi og nýtur viðurkenningar Safnaráðs Íslands.

1.12 Þakkir

Starfsemi Safnahúss hefur notið mikillar velvildar á árinu, ýmist í formi upplýsingagjafar frá fólki eða fræðistarfa, gjafa, góðra óska og hlýhugar. Er þetta verðmætt söfnunum sem gegna í því ábyrgðarhlutverki að varðveita og miðla sögu héraðsins.

Eru sveitarstjórn færðar bestu þakkir fyrir skarpa sýn á gildi vandaðs safnastarfs sem kemur fram í menningarstefnu sveitarfélagsins, leiðarljósi starfseminnar.

2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður

2.1 Lánþegafjöldi, útlánatölur og safnkostur

Lánþegar í árslok voru 442. Heildarfjöldi skráðra eintaka í Gegni (samskrá íslenskra bókasafna) voru 48.386 eintök, við það bætist stór hluti tímaritasafns í geymslurými og nokkur hluti sérsafna. Heildarútlán ársins voru 11.517 eintök sem er nokkuð lægri tala en árið á undan. Útlán í Rafbókasafni voru í kringum 30 eintök á síðasta ári en fjórir lánþegar nýttu sér þessa þjónustu í gegnum lánþegaaðild sína, heldur færri en árið á undan.

Útlán helstu efnisþátta á árinu 2019:

Bækur	10278
Hljóðbækur	277
DVD/VHS	140
Tímaritshefti	818

Á árinu var unnið áfram í endurskoðun á safnkostinum, einkum aukaeintakaeign hans. Við þá vinnu og önnur störf á bókasafni á árinu störfuðu Ásmundur Guðmundsson að vetrinum og Sandri Shabansson að sumrinu.

2.2 Helstu verkefni

2.2.1. Sumarlestur

Sumarlestur var að sjálfsögðu á sínum stað í dagskránni. Ragnheiður Guðrún Jóhannesdóttir teiknaði einkennismynd lestursins annað árið í röð og innti það verk mjög vel af hendi. Þátttaka í sumarlestri var svipuð og árið á undan með uppskeruhátíð á sínum stað í lok sumars. Nokkrir bekkir grunnskólans í Borgarnesi komu í heimsókn og var erindið kynnt á aukinn hátt en áður sem skilaði sér þó ekki endilega í fleiri þátttakendum þegar upp var staðið en vakti þó án efa fleiri til umhugsunar um gildi verkefnisins.

2.2.2. Önnur þjónusta og verkefni

Dagur bókasafnanna var haldinn hátíðlegur á söfnum landsins þann 8. september, hér var boðið uppá konfekt og settar upp útstillingar á bókum.

Þó nokkrar nemendaheimsóknir voru á árinu, í grunn- og leikskólaheimsóknum er spjallað um bækur og oft valin bók við hæfi hvers og eins til að taka með heim. Menntaskólanemar komu einnig á safnið í kennslustundum sínum og einnig leita þeir hingað varðandi heimildir í skólaverkefni sín, einkum lokaritgerðir.

Töluvert er um millisafnalán við önnur söfn, fengin eru að láni safngögn sem ekki eru til hér og eins lánar héraðsbókasafn bækur sínar til annarra safna, einkum þá til minni bókasafna á landsbyggðinni. Þá er samstarf við Bókasafn Akraness mikið notað sem fyrr, bæði það að lánþegar hafa lánþegaheimild í báðum söfnunum og geta skilað á hvorum staðnum sem er. Eins er með lán safnanna á milli úr safnkosti þeirra.

Ýmsar bókaútstillingar voru gerðar á árinu sem miða að því að gera safnkostinn enn frekar sýnilegan. Sem dæmi má nefna tímarit mánaðarins, bækur þeirra sem tilnefndir voru til íslensku bókmenntaverðlaunanna og uppstillingu sem sýndi fjölbreytileika eintaka safnsins.

Á öskudag fór Héraðsbókavörður í gervi Valla (Hvar er Valli?) og þeim fjölmörgu gestum sem heimsóttu safnið þann dag í nammileit var gert að finna ákveðnar bækur í safninu í anda áðurnefndrar sögupersónu.

Eins og annarsstaðar kemur fram í þessari skýrslu var haldin sýning á bókum Páls Jónssonar á Pálssafni í tilefni af því að 110 ár voru liðin frá fæðingu gefanda. Sýningarstjóri var Sverrir Kristinsson en uppsetning og hönnun var í höndum Guðlaugar Drafnar Gunnarsdóttur. Héraðsbókavörður kom nokkuð að verkefninu, einkum bókhluta hennar, enda Pálssafn sérsafn innan Héraðsbókasafns.

Að frumkvæði Þorbergs Þórssonar var bók hans *Kvöldverðurinn* kynnt ásamt bók Unu Margrétar Jónsdóttur, *Gullöld Revíunnar*, sama dag og árlegur lestur á aðventu fór fram þann 5. desember.

Þá er ótalin ýmis þjónusta önnur og smáverkefni í tengslum við gesti safnsins og safnkostinn.

2.2.3. Ferðir og fundir

Sævar Ingi sótti kynningarfund Landskerfis bókasafna sem haldinn var í Stykkishólmi 28. október, þar var m.a. farið yfir tilhögun og undirbúning nýs bókasafnskerfis sem brátt lítur dagsins ljós.

Ennfremur sótti Sævar Ingi Málþing Upplýsingar sem haldið var í Garðabæ 29. nóvember undir yfirskriftinni *Framtíðin, fagið og félagið*. Á undan hittust félagar í Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna á hádegisfundi.

2.3 Gjafir til handa Héraðsbókasafni á árinu 2019

Á árinu þáði Héraðsbókasafn með þökkum bókagjafir með þeim skilmálum sem fyrr að mega ráðstafa því sem safnið hefur ekki not fyrir hverju sinni. Í sumum tilfellum var ekki hægt að þiggja það efni sem bauðst.

Meðal þeirra bókagjafa sem þáðar voru á árinu 2019 voru gamlar útlánabækur frá Lestrarfélagi Þverárhliðarhrepps, var um nokkuð magn bóka að ræða.

Á árinu var uppi söluborð í anddyri bókasafns þar sem bækur voru seldar á einu verði, 500 kr. en veittur sérstakur magnafsláttur.

Listinn sem hér fer á eftir er birtur með þeim fyrirvara að einhverjir gefendur hafi orðið útundan í upptalningunni. Öllum gefendum sem og þeim sem sendu inn fyrirspurnir vegna hugsanlegra gjafa er þökkuð hugulsemin.

4. jan. Sigurbjörg Áskelsdóttir, Jaðri, gefur nokkrar bækur ýmissa efnisflokka, mest barnabækur.
7. jan. Aðstandendur Skinfaxa óska þess að eintök af nýjasta tölublaði þeirra liggi frammi á bókasafni, sem fríeintök handa gestum safnsins.
8. jan. Eigenda og Ræktendafélag Landnámshænsna sendir eintök af nýjasta tölublaði málgagns síns, Landnámshænunni, með von um að safngestir bókasafns eigi kost á að lesa það.
26. feb. Eygló Rut Lúðvíksdóttir, Síðumúla, gefur nokkrar bækur, það eru nýlegar þýddar skáldsögur sem fengur er að.
3. mars. Oddgeir Eysteinnsson, Reykjavík, gefur bækur ýmissa efnisflokka, hann bætir við gjöfina síðar á árinu.
11. mars. Sigurbjörg Áskelsdóttir, Jaðri gefur nokkurt úrval barnabóka.
14. mars. Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík, gefur í tengslum við fyrirlestur sinn um Þorstein frá Hamri, eintak af nýlegri bók sinni *Orðaskil: í heimi þýðinga*, sem út kom árið 2017.
23. mars. Guðrún Fjeldsted gefur nokkrar bækur, ýmissa efnisflokka.
26. mars. Hjördís Björnsdóttir, Garðabæ, gefur *Sögu Garðabæjar* frá 2015, 4 binda verk eftir Steinar J. Lúðvíksson. Efnið var ekki til hér fyrir svo um kærkomna gjöf er að ræða.
27. mars. Guðríður Ringsted, Arnbjörgum, gefur nokkrar bækur ýmissa efnisflokka.
15. apríl. Auðbjörg Pétursdóttir, Borgarnesi, gefur eintök af Öglublaðinu 2017 og 2018 en það síðarnefnda hafði ekki borist safninu fyrr.
15. apríl. Kjartan Jarlsson og Ingibjörg Jónsdóttir, Hafnarfirði, gefa nokkrar skáldsögur í kiljuformi á ensku og nokkur eintök af tímaritinu Historie.
28. júní. Jón Halldórsson, Hurðarbaki, gefur nokkrar bækur, einkum skáldsögur á dönsku.
20. júlí. Kjartan Jarlsson og Ingibjörg Jónsdóttir gefa nokkrar skáldsögur á ensku.
27. júlí. Vigdís Pálsdóttir gefur nokkrar bækur ýmissa efnisflokka.
6. ágúst. Kjartan Jarlsson og Ingibjörg Jónsdóttir gefa nýjar og nýlegar erlendar bækur og blöð.
12. des. Margrét Gísladóttir, Akranesi, gefur innbundin tímarit.

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður

3.1 Almennt

Safnið er héraðsskjalasafn Borgarbyggðar og er einnig með þjónustusamning við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp. Safnið starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt um Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar 2011. Auk þess eru ýmis önnur lög sem hafa áhrif á starfsemi og rekstur safnsins eins og upplýsingalög og persónuverndarlög.

Héraðsskjalasafnið er eitt af fimm söfnum sem eru með sameiginlega aðstöðu í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá klukkan 9.00 – 16.00 alla virka daga og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 18.00.

Umsjón skjalasafnsins er í höndum Jóhönnu Skúladóttur héraðsskjalavardar. Ásmundur Guðmundsson skannar ljósmyndir úr safnkostinum eftir hádegið þrjá daga í viku, sjö mánuði ársins. Anna Þórhildur Grönfeldt Gunnarsdóttir, sumarstarfsmaður Safnahúss var í hlutastarfi við að skrá og skanna skjöl og ljósmyndir fyrir safnið.

Hlutverk héraðsskjalasafnsins er að taka á móti gögnum frá afhendingarskyldum aðilum og einkaaðilum, skrá gögnin og gera gott aðgengi að þeim. Einnig skal skjalasafnið hafa eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu afhendingaskyldra aðila.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsemi héraðsskjalasafna við hina stafrænu byltingu. Notkun skýja, varðveisla rafrænna gagnagrunna og skjalavörslukerfa krefjast nýrra og breyttra vinnubragða allra sem sýsla við skjöl. Ný reglugerð um héraðsskjalasöfn er búin að vera í vinnslu hjá menntamálaráðuneyti síðan 2017 en frá útkomu hennar munu sveitarfélögin líklega fá þrjú ár til að uppfylla þær kröfur sem þar munu koma fram til þess að reka áfram héraðsskjalasöfn. Stærsti þátturinn þar mun verða hvernig héraðsskjalasöfnin geti tekist á við langtímavarðveislu rafrænna skjala en einungis Þjóðskjalasafn Íslands hefur komið sér upp búnaði til þess enn sem komið er.

Í lok síðasta árs kom út eftirlitsskýrsla sem Þjóðskjalasafn Íslands lét gera um starfsemi Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar árið 2017 og komu fram þar athugasemdir sem snúa t.d. að því að skilaskyldir aðilar safnsins eru ekki allir komnir með samþykktar skjalavistunaráætlanir og málalykla. Í lok ársins var skilað inn til Þjóðskjalasafns áætlun safnsins til að bregðast við ábendingum þeim sem fram komu í skýrslunni. Aukið fjármagn þarf að koma til þess að hægt verði að uppfylla þessar kröfur sem gerðar eru til opinberra skjalasafna og samstarf þeirra við skilaskylda aðila þegar kemur að skjalavörslu.

3.2 Skjalavarsla og þjónusta

Hefðbundin starfsemi skjalasafnsins fólst í afgreiðslu fyrirspurna, skjalaskráningu, móttöku afhendinga og því að veita aðgang að skjölum á lestrarsal, auk ráðgjafar og samskipta við skilaskylda aðila. Afhendingar til skjalasafnsins voru 55 á árinu en voru 75 í fyrra. Aðfangaskrá safnsins og skjalaskrá eru skráðar í FileMaker Pro 16 gagnagrunn. Ekki hefur náðst að skrá öll aðföng svo að vel sé í skjalaskrár og biður það betri tíma en í afhendingaskrá er skráð strax við komuna.

Nokkrar stórar afhendingar bárust á árinu og reyndust þær samtals fylla 37,3 hillumetra. Til samanburðar komu á árinu 2018 alls 30,55 hillumetrar af skjölum. Væntanlegar eru

stórar afhendingar frá skilaskyldum aðilum en samkvæmt lögum ber þeim að skila inn á skjalasafnið gögnum eldri en 30 ára.

Skráðar gestakomur á skjalasafnið árið 2019 voru 212 og eru það fleiri en árið 2018 en þá voru skráðar gestakomur 190. Skráðar fyrirspurnir voru 223 en voru 240 í fyrra. Skráður var fjöldi askja sem notaðar voru af safngestum á lessal og reyndust þær vera 133 talsins. Eru þá ekki taldar þær öskjur sem skoðað er í af héraðsskjalaverði vegna afgreiðslu fyrirspurna. Til fróðleiks var skoðað kynjahlutfall þeirra gesta sem leituðu til safnsins og reyndust konurnar vera aðeins í meirihluta eða 119 á móti 104 körlum.

Gögn skjalasafnsins eru varðveitt í skjalageymslu að Bjarnarbraut og bættist við í hana nýr skjalaskápur á árinu og er þá aðeins rúm fyrir einn skáp til viðbótar. Hver skjalaskápur tekur 70 hillumetra af skjölum. Talsvert af skjölum safnsins eru einnig varðveitt í geymslu Safnahúss á Sólbakka 13 - 15. Einu rafrænu gögnin sem skjalasafnið tekur á móti enn sem komið er eru skannaðar ljósmyndir og eru þær varðveittar í tvennskonar skráarsniði, tif og jpg.

3.3 Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir

Vorfundur opinberra skjalasafna var haldinn í Þjóðskjalasafni Íslands dagana 4.-5. apríl. Fjallað var um lögbundin hlutverk, sjálfstæði þeirra, eftirlit og frumkvæðiskannanir opinberra skjalasafna, eftirlit Þjóðskjalasafns með héraðsskjalasöfnunum, úrbótaáætlanir safnanna, rekstrar- og verkefnastyrki til héraðsskjalasafnanna, rannsóknir, söfnun einkaskjalasafna og fl.

Þann 14. maí hélt Þjóðskjalasafn vorráðstefnu þar sem umfjöllunarefnið var varðveisla, eyðing og aðgengi að upplýsingum í ljósi nýrra persónuverndarlaga. Boðið var upp á fjarfund sem héraðsskjalavörður nýtti sér.

Héraðsskjalavörður tók þátt í starfi Félags héraðsskjalavarda á Íslandi og var 9. ráðstefna félagsins haldin í Borgarnesi 10. - 11. október. Meðal umfjöllunarefna þar voru m.a. rannsóknir unnar á skjalasöfnum, umbótaáætlanir héraðsskjalasafna, rafræna varðveislu gagna og fl. Ráðstefnur þessar hafa verið mjög gagnlegar fyrir starfsmenn safnanna en þau eru fámennar stofnanir og því gott að ræða sameiginleg verkefni og læra hvert af öðru. Stefnt er að því að næsta ráðstefna félagsins verði haldin á haustmánuðum 2020 á Austfjörðum.

Nýr þjóðskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir og Njörður Sigurðsson sviðstjóri voru á yfirreið um landið að heimsækja héraðsskjalasöfnin. Heimsóttu þau Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar þann 15. nóvember og kynntu sér starfsemi safnsins.

3.4 Sýningar og miðlun

Skjalasafnið er með sýningar á ljósmyndum á sarpur.is og eru þar komnar inn 3678 ljósmyndir. Ekki var neinum myndum bætt inn á vefinn á árinu vegna skorts á tíma og starfskrafti. Eldri ljósmyndavefur Héraðsskjalasafnsins með 3933 ljósmyndum lá niðri mest allt árið vegna bilunar og ekki er vitað hvort hægt verður að koma honum í lag aftur. Dálítið af kveðskap úr safnkostinum er á vísnavefnum <https://bragi.mmagnusson.net/>. Héraðsskjalasafnið er einnig með Facebooksíðu þar sem fólk er t.d. beðið að þekkja myndir og hefur það borið góðan árangur. Haldnir voru sex myndgreiningarfundir á árinu og hefur nokkur hópur fólks mætt og hjálpað til við að greina ljósmyndir safnsins. Hefur það skilað sér í bættum upplýsingum og skráningum myndanna.

Héraðsskjalasafnið er aðili að vefnum einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á landinu og er í samstarfi Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafnanna og Landsbókasafns-Háskólabókasafns og er liður í að bæta aðgengi að heimildaflokknum. Einnig eru skjalaskrár birtar á heimasíðu Safnahúss en langt er frá að það sé tæmandi listi yfir skjalasöfn sem varðveitt eru á Héraðsskjalasafninu og stefnt er að bæta úr því eftir því sem tími vinnst til. Varðandi birtingu skjalaskráa þarf að hafa í huga að þær uppfylli persónuverndarlög.

Á árinu 2019 fékkst 500 þúsund kr. styrkur úr ríkssjóði til að mynda nokkrar elstu hreppsbækur safnsins og miðla á vef. Voru ljósmyndaðar gjörða- og hreppsbækur frá tveimur hreppum, Reykholtaldshrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp. Alls eru þetta 14 hreppsbækur, 7 frá hvorum hrepp, frá árunum 1643-1929. Leitað var til Ómars Arnar Ragnarssonar sem tók ljósmyndirnar og vann þær til birtingar. Síðan þarf að miðla þeim á vef safnsins. Verkefnið er unnið út frá 18. grein laga um opinber skjalasöfn en þar segir meðal annars: „Mikilvægustu skjöl safnanna skulu vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og eintak afritanna varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra.“ Í 20. grein segir enn fremur: „Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti.“ Er mikið fengið með því að ljósmyndunin á gögnunum er hafin en hún þarf að vera unnin jafnt og þétt á skjalasafninu í framtíðinni.

3.5 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2019

2019/1 Guðbjörg Bergsveinsdóttir. Ljósmyndir úr fórum Guðbjargar sem er ættuð frá Sveinatungu í Norðurárdal. Bergsveinn Halldórsson afhenti. 0,22 hillumetrar.

2019/2 Einar Ingimundarson Borgarnesi. Ljósmyndir frá Einari. Flestar hefur hann tekið sjálfur. Ingimundur Einarsson afhenti. 0,03 hillumetrar.

2019/3 Búnaðarfélag Álftaneshrepps. Fundargerðabók 1940-2005. Guðbrandur Guðbrandsson afhenti. 0,03 hillumetrar.

2019/4 Búnaðarfélag Hraunhrepps. Fundargerðabók 1949-2003. Guðbrandur Guðbrandsson afhenti. 0,03 hillumetrar.

2019/5 Guðríður Jakobsdóttir frá Hreðavatni. Ljósmynd af Guðríði. Ingibjörg Sigurðardóttir afhenti. 0,01 hillumetrar.

2019/6 Félag eldri borgara Borgarnesi og nágrenni. Ljósmyndir úr starfi félagsins. Fanney Hannesdóttir og Karen Welding afhentu. 0,32 hillumetrar.

2019/7 Jóhanna G. Stefánsdóttir og Svandís Guðrún Stefánsdóttir frá Skipanesi. Samantekt um Guðrúnu Kristjánsdóttur eftir Jóhönnu ásamt ljósmyndum frá Skipanesi. Jóhanna G. Stefánsdóttir og Svandís Guðrún Stefánsdóttir afhentu. 0,03 hillumetrar.

2019/8 Magnús Sigurðsson Gilsbakka. Grafskriftir forfeðra og vottorð 1839-2009. Ragnheiður Kristófersdóttir afhenti. 0,10 hillumetrar.

2019/9 Snjólaug Guðmundsdóttir Brúarlandi. Ljósmynd af Snjólaugu. Snjólaug Guðmundsdóttir afhenti. 0,01 hillumetrar.

2019/10 Björgunarsveitin Brák. Fundargerðir stjórnar 1989-2008 og fundargerðabók félagsfunda 1998-2009. Jakob Guðmundsson afhenti. 0,06 hillumetrar.

2019/11 Andakílsskóli. Málafundir 1989-2003, starfsmenn 1990-2003, prófabók 1976-1999 og kennarafundir 1976-1995. Sólrún Halla Bjarnadóttir afhenti. 0,32 hillumetrar.

2019/12 Eiríkur Guðmundsson. Landakort. Eiríkur Guðmundsson afhenti. 0,05 hillumetrar.

- 2019/13 Grunnskóli Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjum. Vinnugögn skólastjóra 2009-2010. Niðurstöður samræmdra prófa 1987-2011, vitnisburður nemenda 2001-2009, starfsmannaskjöl 2004-2010. Ingibjörg Adda Konráðsdóttir afhenti. 0,81 hillumetrar.
- 2019/14 Kristján Jóhannesson frá Ásum. Frásögn af netalagningu í Hvítá 1952. Þrjár ljósmyndir. Kristján Jóhannesson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/15 Lionsklúbbur Borgarfjarðar. Fundargerðabækur 1974-1993, gjörðabók stjórnar 1988-1989, gestabækur 1974-1994, borðfáni félagsins og ljósmyndir úr starfi þess. Inga Vildís Bjarnadóttir afhenti. 0,19 hillumetrar.
- 2019/16 Geir Benedikt Egill Benediktsson. Ljósmynd af Geir Benedikt. Ása Ólafsdóttir Lækjarkoti afhenti. 0,01 hillumetrar.
- 2019/17 Magnús F. Jónsson. Bréf frá Sigurði Guðmundssyni Kolsstöðum. Margrét Benediksdóttir afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/18 Einar Sæmundsson Stafholti. Missiraskiptahugleiðingar samdar af Einari prófasti Sæmundssyni prentaðar 1876. Bára Stefánsdóttir afhenti. 0,01 hillumetrar.
- 2019/19 Borgarbyggð: Skólaþjónusta/sérfræðipjónusta. Nemendagögn 1989-2002. Ásta Björk Björnsdóttir afhenti. 0,64 hillumetrar.
- 2019/20 Sóknarnefnd Lundarkirkju Lundarreykjadal. Gjörðabók kjörstjórnar 1946-1986, sjóðbók 1912-1961, sjóðbók 1964-1978, reikningabók 1915-1946, reikningar 1947-1968, byggingarreikningar 1961-1971. Elva Jómundsdóttir afhenti. 0,16 hillumetrar.
- 2019/21 Hvalfjarðarsveit. Fundarboð og fylgigögn 2006-2015, bréf 2002-2011, fjármál og bókhald 2002-2015, launamál 2006-2014, Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar 2008-2014, Vinnuskóli Hvalfjarðarsveitar 2008-2014, Heiðarskóli 2007-2014, starfsmannamál 2006-2014. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 25,07 hillumetrar.
- 2019/22 Heiðarskóli. Fundargerðabók skólanefndar 1993-2006, bókhald 1996-2006. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,75 hillumetrar.
- 2019/23 Hvalfjarðarstrandarhreppur. Fundargerðir byggingarnefndar 1992-1995, bókhald 2000-2006, Hitaveitufélag Hvalfjarðarstrandarhrepps 1986-2005. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,86 hillumetrar.
- 2019/24 Innri Akraneshreppur. Fundargerðir byggingarnefndar, bókhald 1990-2007. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,27 hillumetrar.
- 2019/25 Leirár- og Melasveit. Fundargerðir byggingarnefndar 1979-1994 og fundargerðir sveitarstjórnar 2004-2006. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,05 hillumetrar.
- 2019/26 Skilmannahreppur. Fundargerðir byggingarnefndar 1984-2006, samningar og samkomulög 2004-2006, umsóknir lóða við Lækjarmel 2005-2006, bókhald 1986-2005, búsetusjóður. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,16 hillumetrar.
- 2019/27 Sundlaugin að Hlöðum. Dagbækur 1992-2005. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,14 hillumetrar.
- 2019/28 Sveitarfélag sunnan Skarðsheiðar. Fundargerðabók oddvitafunda sveitarfélaganna Innri- Akraneshrepps, Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Leirár- og Melasveitar. Gögn undirbúningsnefndar vegna sameiningar hreppana 2002-2006. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,14 hillumetrar.
- 2019/29 Ungmennafélagið Vísir. Bréfasafn 1978-1998, reikningar 1981-1990, borðfánar og verðlaunapeningar. Linda Björk Pálsdóttir afhenti. 0,40 hillumetrar.
- 2019/30 Ásgeir Þ. Ólafsson og Guðrún S. Árnadóttir. Ýmis skjöl eins og hjónavígslubréf, fæðingar- og skírnarvottorð, prófskírteini og skipunarbréf fyrir dýralæknisembætti í Vestfirðingafjórðungi. Ásgeir Ásgeirsson afhenti. 0,10 hillumetrar.
- 2019/31 Skátafélag Borgarness. Naflinn I. tbl. I. árgangur 1988. Spjald með sögu félagsins. Málafafn 1971-2001, flest frá 1975. Lög félagsins. Ljósmyndir 49 stk. Signý Óskarsdóttir afhenti. 0,10 hillumetrar.

- 2019/32 Sögufélag Borgarfjarðar. Ljósmyndir. Sævar Ingi Jónsson afhenti. 0,03 hillumetri.
- 2019/33 Ásgeir Ásgeirsson Borgarnesi. M.a. gögn frá skólavist í Bifröst. Ásgeir Ásgeirsson afhenti. 0,16 hillumetrar.
- 2019/34 Ásgeir Pétursson sýslumaður. Skjöl er varða Ásgeir Pétursson, Pétur Magnússon, Magnús Andrésson og Gilsbakka. Mynd af Borgarnesi. Ingibjörg Ásgeirsdóttir afhenti. 0,80 hillumetrar.
- 2019/35 Sigurður A. Guðmundsson. Bækur úr eigu Guðmundar Sigurðssonar: Jarðatal á Íslandi útg. 1847 og Fingrarím útg. 1838. Sigurður A. Guðmundsson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/36 Varmalandsskóli. Námsefni í landafræði og stærðfræði eftir Guðlaug Torfason Hvammi. Kristín Kristjánsdóttir afhenti. 0,32 hillumetrar.
- 2019/37 Grunnskóli Borgarfjarðar Andakílsdeild. Fundargerðir 1984-2002, málásafn 1991-2013, starfsmenn 1997-2001, nemendur veturinn 1998-2006, nemendur fæddir 1997-1999, útgefið efni. Kristín Kristjánsdóttir afhenti. 0,80 hillumetrar.
- 2019/38 Guðmundur Sigurðsson Kolsstöðum. Bréf til dóttur í Ameríku 1915. Sigurður Guðmundsson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/39 Ragnheiður Sigurðardóttir frá Kolsstöðum. Prófskírteini 1931-1934. Sigurður Guðmundsson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/40 Þuríður J. Kristjánsdóttir. Ljósmyndir, íbúaskrá, bréf. Sæunn Oddsdóttir afhenti. 1,50 hillumetrar.
- 2019/41 Jón Ásmundsson Norðtungu. Bækur með uppskriftum á ljóðum og lausavísum eftir ýmsa. Arndís Þorvaldsdóttir afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/42 Lundarreykjadalshreppur. Bréf vegna dánarbús 1945. Guðmundur Þorsteinsson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/43 Ása Ólafsdóttir og Kristján Ólafsson Borgarnesi. Ljósmyndir. Niðjatal Ingigerðar Kristjánsdóttur og Jóns Gunnarssonar. Sigrún Guðmundsdóttir afhenti. 0,11 hillumetrar.
- 2019/44 Jón Ásmundsson Norðtungu. Poesiebók. Vísur og ljóð skrifuð af ýmsum. Bára Stefánsdóttir afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/45 Vigfús Guðmundsson frá Eyri. Ljósmyndir. Guðmundur Haukur Vigfússon afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/46 Félag harmonikuunnenda á Vesturlandi. Harmonikan mín og ég. Samantekt Gests Friðjónssonar. Samantekt Gests um starf félagsins 1979-2019. Gestur Friðjónsson afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2019/47 Kvenfélag Hálsasveitar. Fundargerðabækur 1966-1970, 1970-1974, 1974-1984. Ingibjörg Adda Konráðsdóttir afhenti. 0,03 hillumetrar.
- 2018/48 Sigurður Guðsteinsson og Bjarnína Jónsdóttir. Ljósmyndir m.a. Kirkjukór Borgarness, Hvítárbrú í byggingu, brúin út í Brákarey í byggingu, Veggjasundlaug. Signý Birna Rafnsdóttir afhenti. 0,02 hillumetrar.
- 2019/49 Sigurður Þorsteinsson frá Skálanesi. Skjöl úr fórum móður hans og afa. Heiðursskjal til Önnu Sigurðardóttur 1954, afmælikveðja til Sigurðar Þórðarsonar 1928, frásögn Sigurðar Þórðarsonar af mannbjörg á sjó á Mýrum 1953. Sigurður Þorsteinsson afhenti. 0,05 hillumetrar.
- 2019/50 Ungmennafélag Stafholtstungna. Reikningur yfir byggingarkostnað við steinsteypa sundlaug við Stafholtsveggjahver 1931-1932. Brynjólfur Guðmundsson afhenti. 0,05 hillumetrar.
- 2019/51 Sóknarnefnd Stafholtskirkju. Ljósasjóður og minningarkort 1953-2000. Brynjólfur Guðmundsson afhenti. 0,05 hillumetrar.
- 2019/52 Jón Einarsson Borgarnesi. Gögn sem tengjast lífi hans, starfi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og áhugamálum. Sigurður Páll Jónsson afhenti. 1,52 hillumetrar.

2019/53 Kvenfélag Borgarness. Ljósmyndir af Ólöfu Sigvaldadóttur heiðursfélaga og af stjórn kvenfélagsins, Helgu Guðmarsdóttur, Hildi Þorsteinsdóttur og Herdísí Guðmundsdóttur. Herdís Guðmundsdóttir afhenti. 0,01 hillumetrar.

2019/54 Magnús Sigurðsson Gilsbakka. Ljósmyndir frá félagsstörfum og Skotlandsferð Magnúsar. Ragnheiður Kristófersdótti afhenti. 0,03 hillumetrar.

2019/55 Grunnskóli Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjadeild. Nemendamöppur barna fæddra 1994-1998. Sólrún Halla Bjarnadóttir afhenti. 0,42 hillumetrar.

2019/56 Helga Áslaug Þórarinsdóttir. 61 ljósmynd. Helgi Kristján Gunnarsson afhenti. 0,03 hillumetrar.

4. Munasafn

Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn og Náttúrugripasafn Borgarfjarðar³ og Listasafn Borgarness.

4.1 Byggðasafn Borgarfjarðar

Í safninu voru í árslok skráð 10.193 númer en voru 10.186 númer í árslok 2018. Hér má sjá lokanúmer skráninga allt aftur til ársins 2010:

2010	9.466
2011	9.715
2012	9.786
2013	9.903
2014	9.962
2015	10.012
2016	10.146
2017	10.164
2018	10.186
2019	10.193

Allt sem kom nýtt inn var skráð í Sarp sem er viðurkenndur gagnagrunnur fagsafna (áður var skráð í Filemaker kerfið, en frá nr. 9652 í Sarp). Auk þess voru nokkrar skráningar eldri óskráðra muna.

Á síðustu árum hefur mikið verk verið unnið í að millifæra skráningar úr forritinu Filemaker yfir í Sarp. Er hver munur yfirfarinn, mældur og ljósmyndaður og gengið vel frá honum í geymslur. Má því nærri geta að verkefni þetta er afar seinlegt því safnkosturinn er stór. Þetta vinnst því eingöngu á löngum tíma.

Byggðasafnið vinnur samkvæmt söfnunarstefnu sem síðast var endurskoðuð í október 2013 og samþykktum frá árinu 2008. Útlánastefna var samin 2017 og er að finna á heimasíðu Safnahúss. Var það gert með ráðgjöf frá Þjóðminjasafni.

Markvisst hefur á síðustu árum verið unnið í að treysta allt skipulag og innviði safnsins og hlaut byggðasafnið viðurkenningu Safnaráðs í ársbyrjun 2014. Af því tilefni var einnig sótt um formlegt starfsleyfi og það veitt. Mikið starf er þó enn óunnið og má þar nefna vörslumál þótt þar hafi merkur áfangi náðst þegar flutt var inn í nýtt geymsluhúsnæði við Sólbakka fyrir nokkrum árum. Eru þetta sameiginlegar geymslur safnanna fimm og hefur talsvert magn muna frá munasöfnum og skjalasafni þegar verið fluttir þangað.

Hvað helstu önnur verkefni safnsins varðar er vísað í almennan formála í upphafi skýrslunnar.

³ Deild í byggðasafni.

Aðföng Byggðasafnsins voru sjö en voru 22 talsins árið 2018 og 18 árið 2017. Er þetta yfirleitt misjafnt milli ára. Taka skal fram að í einu tilviki voru 152 munir skráðir undir einu safnnúmeri, þ.e. 10190 þar sem um var að ræða 152 undirskálar úr stærra safni. Skráningar ársins voru þessar:

- 10187 Borð úr þýska togaranum Ulrich Schulmeyer sem strandaði 1924.
- 10188 Leirplatti eftir Elísabetu Haraldsdóttur.
- 10189 Rakvél frá Skálpastöðum.
- 10190 Undirskálasafn Ólínu Ingveldar Jónsdóttur í Skipanesi.
- 10191 Skinnskór frá Haraldi Bjarnasyni.
- 10192 Kompás úr eigu Páls Stefánssonar.
- 10193 Rokkur úr eigu Benóníu Jónsdóttur frá Vestri- Leirárgörðum.

4.2 Listasafn Borgarness

4.2.1 Safnkostur

Listasafnið á uppruna sinn í stórgjöf Hallsteins Sveinssonar til Borgnesinga á árunum 1971–1995. Safnið á sér því sterka persónutengingu og sérstaka sögu því Hallsteinn átti marga listamenn að vinum og rammaði inn fyrir þá. Verk safnsins voru öll skráð í Sarp árið 2015. Hefur þeim verkum sem ekki eru í útláni (sjá síðar) verið komið fyrir í geymslum safnanna.

Einungis voru skráðir tveir munir á árinu og voru það rammar sem áður voru í eigu safnsins en voru óskráðir, smíðaðir af Hallsteini Sveinssyni.

Alls voru 782 verk skráð í eigu safnsins í árslok en 780 verk í árslok 2018. Safnið á fé í sjóði sem einnig er frá Hallsteini og ætlað er til byggingar eða endurbóta listasalar og/eða kaupa á verkum. Stefnan síðustu ár hefur verið að kaupa lítið af verkum til safnsins en einbeita sér frekar að bættum aðbúnaði og meiri miðlun, forvörslu og betra utanumhaldi um muni safnsins. Í þessum anda voru nýir geymsluskápar á Sólbakka teknir í notkun árið 2014. Er nú allt safnið komið þangað sem ekki er í útláni eða á sýningu hverju sinni.

781 Rammi eftir Hallstein Sveinsson

782 Rammi eftir Hallstein Sveinsson

4.2.2 Sýningahald á listasviði og lán á listaverkum

Á árinu voru alls fimm myndlistarsýningar í Hallsteinssal og byggðist val þeirra á menningarstefnu Borgarbyggðar. Einkasýningar héldu Josefina Morell og Snjólaug Guðmundsdóttir og samsýningu Ingibjörg H. Halldórsdóttir, Ósk Gunnlaugsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Harpa Einarsdóttir. Stóð sýning þeirra síðastnefndu fram í janúar 2020. Ennfremur var sett upp sýning úr safnkostinum sjálfum og var Helena Guttormsdóttir sýningarstjóri að henni. Sú sýning stóð yfir alla sumarmánuðina.

Alls sóttu um 1500 manns 1.250 manns myndlistarsýningar á árinu en voru 1.250 árið áður. Það er stefna Borgarbyggðar að hvetja til listsköpunar. Til þess er Safnahús gott verkfæri og Hallsteinssalur er afar mikilvægur fyrir myndlistarmenn á nærsvæði. Ein miðlunarleiða Listasafnsins er útlán verka til stofnana og fyrirtækja. Voru eftirtalin verk til sýnis á slíkum stöðum í árslok:

Háskólinn á Bifröst	7 verk
Héraðsdómur Vesturlands	6 verk
KPMG, Borgarnesi	2 verk
Menntaskóli Borgarfjarðar, Borgarnesi	3 verk
Nepal hugbúnaður	2 verk
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri	13 verk
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarnesi	1 verk
Lögreglustjóraembættið, Borgarnesi	10 verk
Ráðhús Borgarbyggðar	48 verk

Samtals voru 90 verk í útláni á árinu og er það svipuð tala og á árinu 2018 (97 verk).

4.3 Náttúrugripasafn Borgarfjarðar

4.3.1 Almennt

Í safninu eru rúmlega átta hundruð gripir, fuglar, steinar, egg, bein o.fl. Safnið er í geymslum í aðalbyggingu og á Sólbakka, fyrir utan dýr sem eru til sýnis á sýningunni Börn í 100 ár (um 30 dýr) og á sýningunni Ævintýri fuglanna (205 dýr, 116 tegundir).

4.3.2 Ævintýri fuglanna

Árið 2013 var ný grunnsýning Náttúrugripasafnsins opnuð. Hlaut hún nafnið Ævintýri fuglanna og er helguð minningu Sigfúsar Sumarliðasonar (1932-2001) fyrrv. formanns Náttúrugripa- og Byggðasafns Borgarfjarðar. Sigfús stóð á sínum tíma fyrir metnaðarfullu faglegu safnastarfi og njóta héraðsbúar þeirrar arfleifðar í formi góðs safnkosts. Sýningin var hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni og var fimm ár í smíðum eftir því sem fjármagn (styrkir) leyfði. Snorri Freyr hannaði einnig hina grunnsýningu Safnahúss: Börn í 100 ár.

Megin áhersla sýningarinnar er farflugið og verndun búsetusvæða. Þetta er undirstrikað í leiðsögn ásamt listrænum áherslum sem snúa að alþjóðleika, sköpunarkrafti og verndun náttúrunnar. Hefur sýningin orðið gott innlegg í safnfræðslu og er vinsæl bæði meðal íbúa og ferðamanna.

Árið 2016 barst góður gripur að langtímaláni frá Náttúrugripastofnun, haförn frá árinu 1959, hafði hann rekið í Rauðasandshreppi á sínum tíma. Um sitjandi össu er að ræða og hafði vænghaf hennar mælt 220 cm. Var ráðgast við hönnuð sýningarinnar um staðsetningu fuglsins á sýningunni ævintýri fuglanna.

4.3.3. Nýskráningar

Árið 2017 náðist sá merki áfangi að steinasafn safnsins var greint, flokkað og skráð. Þar með var Náttúrugripasafn Borgarfjarðar fyrsta safn sinnar tegundar sem skráði allan safnkost sinn í Sarp. Þetta mikilvæga verkefni var styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Af þessu leiddi að á árinu 2017 voru 855 gripir nýskráðir í safnið. Á árinu 2018 og 2019 var hins vegar ekki um nýskráningar að ræða.

4.3.4. Lán til annarra safna

Gripir voru ekki lánaðir á sýningar á árinu.

Gert í Borgarnesi í mars 2020

Guðrún Jónsdóttir (sign)
Jóhanna Skúladóttir (sign)
Sævar Ingi Jónsson (sign)